

AUGLÝSING

49

25. marz

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu nr. 60 2. júní 1921.

1. gr.

Við 47. gr. bætist:

Gjald fyrir óskilafjárauglýsingu greiðist úr sýslusjóði.

2. gr.

Úr fyrstu málsgrein 48. gr. falli niður orðið: „auglýsingakostnaður“.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefir samið og samþykkt samkv. 41. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 31. maí 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. marz 1939.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

50

25. marz

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu nr. 74 9. ágúst 1920.

Upphaf 42. greinar orðist svo:

Af andvirði óskilafjár greiðist sölulaun og fundarlaun. Að öðru leyti greiðist eiganda fjárverðið, ef hann innan næstkomandi septemberloka sannar eignarrétt sinn. Auglýsingakostnaður greiðist úr sýslusjóði.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 31. maí 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. marz 1939.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT

51

27. marz

fyrir Fiskræktarfélagið Úlfjótur.

1. gr.

Nafn félagsins er Fiskræktarfélagið Úlfjótur. Heimili og varnarþing félagsins er Rafmagnsstöðin við Ljósafoss.

2. gr.

Félagssvæðið er fiskihverfi Úlfjótsvatns í Sogi, fyrir löndum jarðanna Úlfjótsvatns, Villingavatns (ítaks), Kaldárhöfða og Efri-Brúar. Eru eigendur þessara